

Reykjavík 30. ágúst 2011

Hr. Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja vekja athygli á því að samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 40. gr. á barn sem er grunað, ásakað eða fundið sekt um afbrot, rétt á réttlátri málsmeðferð sem styrkir vitund þess um manngildi, virðingu fyrir mannréttindum og tekur tillit til aldurs þess. Börn skulu því ekki vistuð í fangelsi með fullorðnum einstaklingum. Börn eru einstaklingar yngri en 18 ára.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að 17 ára drengur sem tekin var með fíkniefni í Leifsstöð þann 24. ágúst sl. verði ekki vistaður á Litla Hrauni. Slíkt samrýmist ekki barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eða íslenskum lögum um börn. Samtökin líta svo á að umrætt mál sé umfram allt barnaverndarmál og skuli skoðast sem slíkt.

Það er jafnframt von Barnaheilla - Save the Children á Íslandi að við uppbyggingu á nýju fangelsi á Íslandi verði hugað að úrræðum fyrir börn sem brjóta lög, en hafa ekki náð sakhæfisaldri. Slíkt úrræði þarf um fram allt að stuðla að auknum þroska, aukinni vitund um manngildi, virðingu fyrir mannréttindum og að einstaklingurinn komi sem góður og gegn samfélagsþegn út í samfélagið aftur. Slíkt er bæði einstaklingum og samfélaginu til heilla.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri